

Alþingi
Erindi nr. P 139/785
komudagur 7.12.2010

Viskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2010

Varðar: Umsögn SFF við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 237. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp. SFF fagna því að frumvarpið sé að nýju komið til meðferðar Alþingis, enda mikilvægt að stefna sé mörkuð um hvernig fyrirkomulag innstæðutryggingarkerfisins eigi að vera hér á landi eftir hrun bankakerfisins haustið 2008. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki að lögum. SFF gerðu ýmsar athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 10. desember 2009 og minnisblöðum dags. 3. og 8. júní 2010.

Með frumvarpinu og ýmsum öðrum frumvörpum sem nú eru til meðferðar á Alþingi er ráðgert að leggja verulega auknar fjárhagslegar byrðar á fjármálafyrirtæki sem þegar eru að berjast fyrir því að lækka kostnaðarhlutföll sem hafa verið of há. Gæta þarf að því að þessar byrðar verði ekki of miklar þannig að það leiði til hækkaðs verðlags á þjónustu til viðskiptamanna fjármálafyrirtækja og hafi áhrif á í vaxtamyndun í fjármálakerfinu þannig að kostnaður færist yfir á viðskiptamenn. Verði það niðurstaðan mun það þrengja möguleika fjármálakerfisins til að vinna að endurreisn íslensks efnahagslífs.

Hér á eftir fara athugasemdir SFF við einstakar greinar frumvarpsins:

Við 2. tölul 2. gr. – Hækkun iðgjalds og skilgreining á „tryggðum innstæðum“

Í gildandi lögum er greitt 0,15% af tryggðum innstæðum í sjóðinn og lagt var til að það færi í 0,3% í fyrstu drögum frumvarpsins. Hækkun upp í 1,0% kom því mjög á óvart. Skýra þarf af hvaða upphæð greiða á iðgjald. Er það skilningur SFF að iðgjaldið hafi verið hækkað úr 0,3% í 1,0% í kjölfar minnisblaðs frá Talnakönnun frá því í maí 2010. Er þar gengið út frá því að 1,0% gjald sé tekið af tryggðum innstæðum, þ.e.a.s. þeim hluta innstæðna sem eru undir €100.000 og eru ekki undanskilin tryggingavernd í 14. grein laganna. Þannig er það tekið fram í minnisblaði Talnakönnunar að með þessu sé iðgjaldsstofninn einungis um 30% af heildarinnstæðum og því sé rétt að hækka iðgjaldið úr 0,3% í 1,0%. Þessi skilningur þarf að koma skýrt fram í lögunum. Því leggja SFF til að „tryggð innstæða“ verði skilgreind sem: „Tryggð innstæða einstaks innstæðueiganda A-deildar skal vera heildarupphæð innstæðna hans hjá hverri innlánsstofnun, þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur jafnvirði 100.000 evra (EUR) í íslenskum krónum og að undanskildum þeim innstæðum sem ekki njóta tryggingaverndar samkvæmt 14. gr.“

Ef löggjafinn hefur ekki sama skilning á forsendum hækkunar iðgjaldsins í frumvarpinu leggja SFF til að að horfið verði aftur til þess að iðgjaldið sé 0,3%.

Við 10. tölul. 2. gr. – Skilgreining á „peningamarkaðsinnlánum“

Óljóst er samkvæmt ákvæðinu hvenær innstæða er innlán á almennan sparifjárreikning eða peningamarkaðsinnlán. Ákvæðið mælir fyrir um að peningamarkaðsinnlán sé fjárfestingarkostur fjármálafyrirtækis sem býður viðskiptavini hærrí vexti en bjóðast með almennum sparifjárreikningum og er bundinn skilyrðum t.d. varðandi lengd binditíma, lágmarksfjárhæð og úttekt eða innlausn. Hér þarf að hafa í huga að fjármálafyrirtæki bjóða íðulega upp á reikninga sem eru bundnir skilyrðum t.d. eru mismunandi vextir tengdir mismunandi binditíma og í sumum tilfellum lágmarks innstæðu. Ólíklegt er að vilji löggjafans standi til þess að slíkir reikningar séu undanskildir innstæðutryggingu. Mikilvægt er að enginn vafi leiki á um þetta. Þá er hugsanlegt að einstaklingur semji við fjármálafyrirtæki, á grundvelli viðskiptavildar, um að fá hærrí vexti en almennt gerist samkvæmt gjaldskrá og innlánið sé bundið skilyrðum t.d. að úttekt sé bundin við ákveðið tímamark eins og tíðkast við ýmsa sparifjárreikninga. SFF munu leggja fram tillögu að skilgreiningu á peningamarkaðsinnláni á næstunni.

Við 10. gr. – Iðgjald reiknist af tryggðum innstæðum

Vísast í rökstuðning hér að ofan að iðgjald reiknist einungis af tryggðum innstæðum.

SFF leggja til að 10. gr. sé breytt þannig að almennt iðgjald og iðgjöld á grundvelli markaðshlutadeildar og áhættueinkunnar reiknist öll af tryggðum innstæðum, samkvæmt skilgreiningu í 2. gr., eins og lagt er til hér að ofan.

Við 10. gr. – Útreikningar á áhættustuðli

Liggja þarf fyrir hvernig framkvæma á þessa útreikninga til að mögulegt sé að átta sig á því hvað þetta mun þýða fyrir einstakt fjármálafyrirtæki. Ef einstaka viðskiptabanki fær stuðullinn 1 gæti heildariðgjald viðkomandi banka orðið 2,24% m.v. 25% markaðshlutdeild.

Meðan allt er í lagi í rekstri viðskiptabankanna má búast við að þessi stuðull sé lágur og því safnist ekki mikið í sjóði TIF. Hins vegar þegar illa viðrar og einstaka viðskiptabankar lenda í vandræðum að þá er hætt við því að áhættustuðullinn muni hækka og auka við vandræði viðkomandi banka og gera honum erfiðara að vinna sig útúr sínum vanda.

Þá er bent á að eðlilegt er að í ákvæðinu sé mælt fyrir um að útreikningur sé kynntur viðkomandi fjármálafyrirtæki og því veittur andmælaréttur áður en útreikningur er sendur til sjóðsins.

Við 12. gr. – Framsal á kröfu

Hér þarf að skýra hvort TIF fær framselda alla kröfu hver innstæðueiganda eða bara þann hluta hennar sem TIF greiðir út. Ef TIF greiðir út €100.000 (t.d. ISK 15 milljónir) til innstæðueiganda sem á ISK 1ma þar að vera klárt hvort TIF fær alla kröfuna framselda og innheimtir hana fyrir hönd innstæðueigandans. Réttast væri að TIF eignaðist við útborgun til innstæðueigandans kröfu á þrotabúið að sömu fjárhæð. Innstæðueigandinn héldi þá eftir kröfu sem nemur ISK 985 milljónum (ISK 1ma – ISK 15 milljónir).

Við 14. gr. – Innstæður rekstrarfélaga sem reka verðbréfasjóði eða innstæður verðbréfasjóða

Ákvæði 5.tölul. virðist undanskilja tryggingavernd hlutdeild í innlánsreikningum verðbréfasjóða. SFF leggja til að einstaklingar sem eiga hlutdeild í innstæðum slíkra sjóða verði tryggðir í sömu hlutföllum og hlutdeild þeirra í innlánsreikningum verðbréfasjóða segir til um þ.e.a.s. að horft verði í gegnum sjóðinn og niður á kennitölu hlutdeildarskírteinishafa þegar metið er hversu há fjárhæð verðbréfasjóðs er tryggð. Ef frumvarpið verður lögfest óbreytt að þessu leyti er líklegt að áhrifin verði þau að sjóðirnir muni taka fjármuni í formi innlána út úr bankakerfinu og færi þau inn í ríkistryggð skuldabréf.

Við 14. gr. – fyrirtæki í eigu innlánsstofnunar

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 14. gr. njóta ekki verndar innstæður fyrirtækis þar sem innlánsstofnun fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem er 10% eða meira. Í greinargerð með frumvarpinu eru ekki færð sérstök rök fyrir þessari takmörkun. Mörg fyrirtæki hafa lent í tímabundinni eigu banka, að hluta eða öllu leyti, vegna fjárhagserfiðleika. Ekki verður með góðu móti komið auga á hvaða rök standa til þess að raska réttarstöðu slíkra fyrirtækja með þessum hætti. SFF telja hins vegar eðlilegt að dótturfélög innlánsstofnana sem eru í fjármálastarfsemi eða tengdri starfsemi falli undir ákvæði 3. tölul.

Almennt – Vextir á kröfu TIF

Það er umhugsunarvert hvort ekki ætti að breyta gjaldþrotalögum eða lögum um TIF þannig að vextir af kröfu TIF verði forgangskrafa en ekki eftirstæð krafa. Með því mætti minnka til muna áhrifin af gjaldþrota innlánsstofnunar á TIF og framtíðarmöguleika sjóðsins til að standa undir frekari útgreiðslum.

Almennt – Aðeins tryggðar innstæður njóti forgangs


SFF telja að við næstu endurskoðun laganna mætti horfa lengra til framtíðar og breyta 102 gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þannig að einungis tryggðar innstæður njóti réttshæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um

gjaldþrotaskipti. Þessi breyting er ekki tímabær að sinni en hefði það í för með sér að einungis innstæður undir €100.000 nytu forgangs við gjaldþrotaskipti samkvæmt gjaldþrotalögum. Forgangskrafa TIF yrði því tryggari fyrir vikið. Slík breyting myndi einnig auka möguleika íslensku bankanna á að fjármagna sig að hluta til með skuldabréfaútgáfum, þar sem skuldabréf og víxlar myndu vera í sama forgangi og innstæður umfram €100.000.

Ákvæði til bráðabirgða II – Öryggissjóður sparisjóða

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingarsjóður sparisjóðanna verði leystur upp. Mikilvægt er fyrir sparisjóði að slíkur öryggissjóður geti starfað áfram. Lagt er til að lögfest verði heimildarákvæði um stofnun öryggissjóðs í lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir